

17/12/12

468.mál

Alþingi
Erindi nr. D 141/1268
komudagur 17.12.2012

Skýrsla starfshóps um reglur þunnrar eiginfjármögnunar

Júní 2012



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
1.1 Skipun starfshópsins.....	3
1.2 Verkefni starfshópsins.....	3
2. Fjármögnun fyrirtækja – helstu hugtök.....	3
2.1 Almenn 3	3
2.2 Skuldsetning – þunn eiginfjármögnun.....	4
2.2.1 Reglur um þunna eiginfjármögnun og löggjöf Evrópusambandsins	5
2.3 Samstæður.....	6
2.4 Vextir	7
2.5 Skuldsettar yfirtökur.....	9
2.6 Armslengdarreglan (<i>e. The Arm's lenght principle</i>) og reglur um milliverðlagningu (<i>e. Transfer pricing</i>).....	9
3. Aðferðir við mat á þunnri eiginfjármögnun	10
3.1 Almenn 11	11
3.2 Skuldahlutfallsreglan (<i>e. Debt-to-equity ratio test</i>)	11
3.3 EBITDA-reglan (<i>e. Earning test</i>)	12
3.4 Útreikningar ríkisskattstjóra (<i>RSK</i>)	13
4. Íslenskar skattareglur – samanburður við önnur ríki.....	14
4.1 Ákvæði 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga	14
4.2 Norðurlöndin.....	15
4.3 Önnur ríki	15
4.4 Samanburður mill ríkja.....	16
5. Tillögur starfshópsins	16
5.1 Almenn	16
5.2 Meginniðurstæður	17
HEIMILDIR.....	18
Viðauki I. Tillögur að lagabreytingum	19
Viðauki II. Samantekt AGS á reglum um þunna eiginfjármögnun í nokkrum löndum	21
Viðauki III. Reglur um þunna eiginfjármögnun.....	22



1. Inngangur

1.1 Skipun starfshópsins

Í viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar tengdri kjarasamningum, dagsett 5. maí 2011, er að finna sérstakan kafla um skatta á fyrirtæki. Í honum kemur fram að síðustu misseri hafi fjármálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands átt í samstarfi um breytingar á skattalögum. Afrakstur þess hafi meðal annars verið sá að fjármálaráðherra lagði fram á vorþingi 2011 frumvarp til laga um ýmsar breytingar á skattalögum. Því til viðbótar sagði í yfirlýsingunni að áfram yrði unnið að öðrum atriðum, meðal annars reglum um þunna eiginfjármögnun. Fjármálaráðuneytið óskaði af þessu tilefni eftir því við Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð og ríkisskattstjóra að þessir aðilar myndu tilnefna sérfræðinga í starfshóp til að fjalla um reglur um þunna eiginfjármögnun¹ og gera tillögur að æskilegum lagabreytingum.

Með skipunarbréfi, dags. 13. september 2011, skipaði fjármálaráðherra starfshóp í samræmi við framangreinda yfirlýsingu. Í hópinn voru skipaðir eftirtaldir aðilar: Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu og jafnframt formaður hópsins framan af, Jón Ásgeir Tryggvason, viðskiptafræðingur RSK, tilnefndur af ríkisskattstjóra, Jón Elvar Guðmundsson, lögmaður LOGOS, tilnefndur af Viðskiptaráði, Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri SA og síðari formaður hópsins, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og Alexander G. Eðvarðsson, endurskoðandi KPMG, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Með hópnum starfaði Margrét Ágústa Sigurðardóttir, lögfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu.

1.2 Verkefni starfshópsins

Samkvæmt skipunarbréfinu var starfshópnum ætlað að fjalla um reglur þunnrar eiginfjármögnunar, kynna sér reglur um efnið í okkar helstu viðskiptaríkjum, taka saman greinargerð og gera tillögur að æskilegum lagabreytingum. Í verkefninu fólst meðal annars að veða og meta kosti og galla þeirra reglna sem settar hafa verið um efnið í nærstöddum ríkjum og leita þannig æskilegra fyrirmynda. Þá hefur verið fjallað um efnið í skýrslum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um Ísland og ákveðnar tillögur verið gerðar þar um. Nefndin hefur tekið fyrir nefndar skýrslur og tekið nokkurt mið af þeim í tillögum sínum.

Þess var óskað að starfshópurinn lyki störfum og myndi skila niðurstöðum eigi síðar en í lok janúar 2012. Ekki reyndist unnt að standast þau tímamörk þótt nefndin fundaði reglulega.

2. Fjármögnun fyrirtækja – helstu hugtök

2.1 Almenn

Félögum og fyrirtækjum bjóðast ýmsar leiðir í fjármögnun en greiður aðgangur að fjármagni og rétt fjárhagsskipan skiptir sköpum svo að fyrirtæki geti náð markmiðum sínum. Fjármögnun félaga (fyrirtækja) skiptist í grundvallaratriðum í tvennt, þ.e. fjármögnun með lánsfé og eigin fé. Almenn er svo í upphafi að eigið fé² er það fé sem hluthafar leggja inn í félag en eftir því sem líður á rekstur þess safnast upp hagnaður, sem leggst við eigið fé, en

¹ Þunn eiginfjármögnun (*e. thin capitalisation*) einnig nefnd „mögur eiginfjármögnun.“

² Eigið fé getur verið samsett úr hlutfé, varasjóði, endurmatsreikningi og óráðstöfuðu eigin fé.



arður³ sem félagið greiðir eigendum sínum lækkar eigið fé þess. Það sem ávallt helst fast er að eigið fé félags er virði eigna þess umfram virði skulda og skuldbindinga sem það hefur tekið á sig.⁴ Eigið fé lýsir þannig hversu mikið eignir félags mega rýrna áður en þær verða minna virði en skuldir þess. Er eigið fé félags þannig í raun ákveðinn stuðningur og vörn fyrir hagsmunaaðila félagsins gagnvart tapi þess. Hversu sterk vörn eigið fé er veltur á því hversu hátt eigið féð er sem hlutfall af skuldum og því eru til að mynda skuldahlutföll⁵ mikið notuð við greiningu á fyrirtækjum, styrk þeirra og skuldsetningu.

Skattalegur hvati er til þess að félög fjármagni sig frekar með lánsfé en eigin fé þar sem unnt er að draga vaxtagreiðslur lánsfjármagnsins frá tekjuskattstofni viðkomandi félags.

2.2 Skuldsetning – þunn eiginfjármögnun

Með hugtakinu þunnri eiginfjármögnun er vísað til fjármögnunar félags sem fengin er frá tengdum aðilum (*samstæðufélögum*). Félag er þunnt eiginfjármagnað ef skuldsetning (*gírur*) þess er mjög mikil, þ.e. að lán frá tengdum aðilum er verulega hátt hlutfall af heildarfjármögnun viðkomandi félags.

Um fjöllun og skattareglur um þunna eiginfjármögnun snúa því að félagasamstæðum, þ.e. móður- og dótturfélögum, eða öðrum tengdum aðilum þar sem lánveitandi lýtur sömu stjórn og lantaki. Frá sjónarhóli skattyfirvalda má skipta áherslum sem tengjast þunnri eiginfjármögnun í tvennt. Annars vegar er um að ræða tengda aðila með starfsemi innanlands einvörðungu og hins vegar tengda aðila þar sem félag innan samstæðunnar er erlent. Í þessu skyni getur móðurfélagið, eða hinn ráðandi aðili, hvort sem er verið erlent eða innlent. Rétt er að hafa í huga að vandamál sem tengjast þunnri eiginfjármögnun eru eðli málsins samkvæmt hverfandi þegar öll félög samstæðunnar eru innlend þar sem fjárhæð til frádráttar í einu félagi kemur þá til skattlagningar í öðru.

Ef fjármögnun félaga kemur erlendis frá og frá ríki sem ber lægra skattahlutfall en Ísland þá hvetja íslenskar skattareglur, líkt og í flestum öðrum ríkjum, fremur til fjármögnunar með lánum en hlutafé þar sem vaxtagreiðslur eru frádráttarbærar frá tekjuskattstofni⁶ en arðgreiðslur aftur á móti ekki.⁷ Rétt er þó að hafa í huga að reglur⁸ sem teknar hafa verið upp um skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi geta dregið úr þessum hvata. Þannig getur, í vissum tilfellum, verið innbyggður hvati til skuldsetningar sem stjórnast ekki af þörfum rekstrar heldur af skattalegum hvötum. Nefndur hvati er ekki nýr heldur vel þekktur. Í umfjöllun Alþjóða gjaldeyrissjóðsins um slíkan hvata hefur því verið haldið fram að þótt umrædd skuldabjögung hafi ekki valdið efnahagskreppunni sem hófst árið 2008 þá hafi mikil skuldsetning fyrirtækja orðið til þess að dýpka hana enn frekar. Ein tillaga að lausn vandans sem af þessu leiðir og felst í rýmun íslenska skattstofnsins snýr að því að heimila ætti frádrátt

³ Með arði er átt við greiðslu félags til hluthafa sinna. Arður er venjulega tiltekinn sem hlutfall af nafnverði hlutafjár í lok reikningsárs en arð má líta á sem þá ávöxtun sem af hlutabréfinu fékkst á viðkomandi reikningsári.

⁴ Eigið fé í ársreikningi félags eru eignir að frádragnum skuldum.

⁵ Með skuldahlutfalli er átt við hlutfall lánsfjár og eiginfjár (*e. Debt to equity ratio*), þ.e. hlutfall sem sýnir samsetningu fjármagns fyrirtækis þannig að það sýni hversu stór hluti er fjármagnaður með skuldum og eigin fé.

⁶ Í 1. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga kemur fram að frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri megí draga rekstrarkostnað, þ.m.t. vexti af skuldum, en hvergi er tekið fram í 31. gr. að arður sé frádráttarbær.

⁷ Fjallað er um skattskyldan arð í 11. gr. tekjuskattslaga.

⁸ Ákvæði 8. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga, sbr. einnig 8. tölul. 70. gr. laganna, kveður á um að aðilar sem hafa vaxtatekjur hérlendis af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum kröfum og fjármálagerningum, sbr. 3. tölul. C-liðar 7. gr., skulu greiða tekjuskatt af þeim.



frá tekjuskattstofni sem jafngilti tiltekinni ávöxtun eigin fjár félags (e. *Allowance for Corporate Equity, ACE*). Í sérfræðingaskýrslu AGS var lagt til að slíkur frádráttur yrði tekinn upp á Íslandi en þó ekki í nánustu framtíð vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs.

Vandamálið sem tekist er á við er að mikil skuldsetning félags myndi ekki eiga sér stað í viðskiptum milli ótengdra aðila. Í ýmsum ríkjum, en þó minnihluta Norðurlandanna, hafa lög verið sett til að takmarka rýrnun skattstofna vegna þunnrar eiginfjármögnunar og í flestum tilvikum er armslengdarreglum⁹ beitt til að taka á slíkum málum.

Félagasamstæður með starfsemi í fleiri en einu ríki geta, með þunnri eiginfjármögnun, flutt tekjur og gjöld milli félaga í skattalegum tilgangi. Hvati er til þess ef mikill munur er á skatthlutfalli félaga í viðkomandi ríkjum en við slíkar aðstæður getur félag sem er skattskyld í háskattaríki fengið lán frá öðru félagi innan samstæðu í lágskattaríki í þeim tilgangi að færa hagnað úr háskattaríkinu til lágskattaríkisins sem nemur vaxtagreiðslum af láninu. Einnig getur nýting á uppsöfnuðu skattalegu tapi samstæðufélags verið hvati við lánveitingar sem hafa það að markmiði að lágmarka skattgreiðslur samstæðunnar. Sem fyrr segir getur afdráttarskattur á vexti dregið úr eða komið í veg fyrir þennan hvata.

Eitt af markmiðum þunnrar eiginfjármögnunar er þannig að lágmarka skattgreiðslur félagasamstæðu. Engar beinar heimildir er að finna í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, er taka til þeirra álitamála sem kunna að rísa við slíkar tilfærslur innan félagasamstæðna. Í lögum nr. 109/2011, um skattlagningu kolvetnisvinnslu, er þó að finna ákvæði sem setur ákveðin takmörk á gjaldfærslu vaxtagjalda við ákvörðun á stofni til sérstaks kolvetnisskatts. Í 2. mgr. 10. gr. laganna er kveðið á um að eigi sé heimilt að draga frá tekjum ársins hærrí fjármagnskostnað en sem nemur 5% af stöðu skulda að frádregnum peningalegum eignum, þ.m.t. kröfum og birgðum, í lok viðkomandi reikningsárs. Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 170/2008, sem núgildandi lög um skattlagningu kolvetnisvinnslu komu í stað, segir að félög sem stunda kolvetnisvinnslu séu venjulega hluti af fjölpjódlegum félagasamstæðum. Með sölu afurða til félaga innan samstæðunnar eða kaupum á þjónustu geti þau flutt til hagnað innan samstæðunnar og hafa þannig áhrif á hvar skattlagningin fer fram. Því þótti nauðsynlegt að setja í lögum milliverðlagsákvæði til að tryggja sem best skattlagningu á raunhagnaði leyfishafans.

2.2.1 Reglur um þunna eiginfjármögnun og löggjöf Evrópusambandsins

Aðildarríki Evrópusambandsins hafa löngum haft mikinn áhuga á, og ávinning af, að forðast sniðgöngu á greiðslu skatta. Í Rómarsáttmálanum¹⁰ er aðilum, jafnt löggjöf persónum sem einstaklingum, innan aðildarríkja sambandsins, veitt heimild til frjáls flutning fólks, varnings, þjónustu og fjármagns milli aðildarríkja sambandsins svo fremi sem slíkt gengur ekki gegn markmiðum og tilgangi sáttmálans. Innri markaður Evrópu byggist á hinu svonefnda fjórfrelsi en jafnframt felst í fjórfrelsinu frelsi til að stofnsetja fyrirtæki, einkum félög og fyrirtæki í skilningi 2. mgr. 44. gr. Rómarsáttmálans, með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin. Í nefndum stofnsetningarrétti felst einnig réttur til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi. Verða þannig aðildarríki ávallt að

⁹ Í kafla 2.6 verður fjallað stuttlega um armslengdarreglur.

¹⁰ Rómarsáttmálinn er einn af þremur stofnsáttmálum Evrópusambandsins og eru stofnsáttmálarnir í raun grundvöllur sambandsins sem og æðsta réttarheimildin. Fyrirferðarmestur stofnsáttmálanna er Rómarsáttmálinn en hann var undirritaður í Rómabrog þann 25. mars 1957 en tók gildi þann 1. janúar 1958. Rómarsáttmálinn markaði þannig upphaf Evrópubandalagsins en Maastrichtsamningurinn tók við af Rómarsáttmálanum árið 1992 en með þeim samningi þróaðist Evrópubandalagið yfir í Evrópusambandið.



hafa í huga og heiðri grunnreglur Evrópusambandsins við lagasetningu enda óheimilt að setja innlend lög sem ganga gegn markmiðum og tilgangi sambandsins um fjórfrelsið. Með innri markaði innan aðildarríkja Evrópusambandsins eru þannig afnumdar hindranir á frjálsri færslu fólks, fjármagns, þjónustu og vara. Fjórfrelsisreglur Rómarsáttmálans eru taldar vera hluti af hinum almennum meginreglum Evrópuréttar og eru jafnframt verndaðar af Evrópudómstólnum. Hafa verður hugfast að reglurnar gilda eingöngu innan aðildarríkja Evrópusambandsins auk EFTA ríkjanna Þrjúgja, Liechtenstein, Noregs og Íslands. Í þessu skyni verður að hafa í huga kjarna EES-samninginn¹¹ en með honum taka EFTA ríkin m.a. upp reglur Evrópuréttar um fjórfrelsið. Gilda þannig grunnreglur Evrópuréttar, fjórfrelsisreglurnar, fullum fetum héraðs vegna tilvistar EES-samningsins.

Af þessum sökum þarf að gæta vel að fjórfrelsisreglum Evrópuréttarins ef til lögfestingar kæmi um reglur þunnrar fjármögnunar.

2.3 Samstæður

Reglur um þunna eiginfjármögnun félaga beinast að félagasamstæðum og því er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið ítarlega í lögum um tekjuskatt ef til lagasetningar kæmi vegna þunnrar eiginfjármögnunar en hvergi er vikið að skilgreiningu hugtaksins samstæðu eða félagasamstæðu í núgildandi skattalögum. Félagasamstæður geta verið misstórar og flóknar og rekstur þeirra á mismunandi forsendum. Félög í óskyldum rekstri eru gjarnan rekin sem samstæða í stað þess að vera sameinuð. Slíkt rekstrarform hefur t.d. þann kost að takmarka áhættu, þ.e. kröfuhafar einstaks félags eiga ekki rétt á að halda uppi kröfu á önnur félög innan sömu samstæðu.

Í 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt,¹² er vikið að hugtökunum móður- og dótturfélag en í ákvæðinu er kveðið á um heimild til samsköttunar hlutafélaga. Skilyrði samsköttunar er að móðurfélag eigi minnst 90% eignarhlut í dótturfélaginu. Skyldur einstakra félaga innan samstæðunnar breytast þó ekki þar sem þau verða að gera skattskil hvert um sig. Við samsköttun er tekjuskattur af sameiginlegum tekjuskattsstofni allra hlutafélaga, sem taka þátt í samsköttuninni, almennt lagður á móðurfélagið en öll hlutafélögin bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslum.

Þar sem hugtakið *félagasamstæða* er ekki skilgreint í skattalögum hefur yfirskattanefnd stuðst við hugtakið eins og það er skilgreint í félagarétti, sbr. úrskurði nefndarinnar nr. 693/1994, 848/1997 og 123/2000 en í þeim úrskurðum var byggt á samstæðuhugtakinu samkvæmt lögum um hlutafélög við túlkun þágildandi laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Liggur þannig beinast við að líta til hlutafélagalöggjafarinnar í þessum efnum en í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 eru ákvæði sem líta sérstaklega að félagasamstæðum. Samkvæmt þeim telst um samstæðu hlutafélaga að ræða þegar eitt hlutafélag er í raun undir stjórn annars hlutafélags, hið æðra er nefnt móðurfélag en hið lægra dótturfélag en saman mynda félögin samstæðu, sbr. 4. mgr. 2. gr. hlutafélagslaga og 2. gr. einkahlutafélagslaga. Vert er að hafa í huga að þegar um samstæðu hlutafélaga ræðir telst hvert félag innan samstæðunnar sjálfstæður lögaðili, bæði í fjármunaréttarlegum og skattaréttarlegum skilningi, svo framarlega sem einstakir lögaðilar fullnægi skilyrðum 2. gr. tekjuskattslaganna um sjálfstæða skattaðild. Þegar metið er hver sé lagaleg staða félags innan

¹¹ Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var undirritaður í Óportó í Portúgal 2. maí 1992 og tók gildi 1. janúar 1994. EES-samningurinn var lögfestur héraðs með lögum nr. 2/1993, um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

¹² Hér eftir tekjuskattslögin.



samstæðu, ber að miða við að hvert félag sé sjálfstæður lögaðili og þegar tengslin eru með ákveðnum hætti á milli félaganna nefnist það félagasamstæður. Félag telst samkvæmt skilgreiningu vera dótturfélag í reikningsskilum móðurfélags þegar móðurfélagið fer með meira en 50% atkvæðafjölda í dótturfélaginu.

Í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 eru hugtökin móðurfélag, dótturfélag og samstæða¹³ skilgreind í 2. gr. laganna og er sú skilgreining öllu ítarlegri en hlutafélagalöggjöfin kveður á um. Í 5. tölul. 2. gr. er móðurfélag skilgreint sem félag, sem á meirihluta atkvæða í öðru félagi, eða er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til að tilnefna eða vikja frá meirihluta stjórnar og framkvæmdastjórn þess, eða er félagsaðili að öðru félagi og hefur þannig rétt til ákvörðunarvalds um rekstur og fjárhagslega stjórn þess á grundvelli samþykka félagsins eða samninga við það, eða er félagsaðili að öðru félagi og ræður yfir meirihluta atkvæða í því á grundvelli samnings við aðra hluthafa, eða á eignarhlut í öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess. Þá segir jafnframt í ákvæðinu að við útreikning á atkvæðamagni í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum skuli leggja saman atkvæðamagn móðurfélags og dótturfélaga í viðkomandi félagi, draga frá heildaratkvæðamagninu í viðkomandi félagi atkvæðamagn sem er í höndum þess sjálfs eða dótturfélags þess og draga frá atkvæðamagni móðurfélagsins það atkvæðamagn sem það hefur til tryggingar ef félagið beitir aðeins atkvæðaréttinum í samræmi við fyrirmæli þess sem setti trygginguna, eða ef umráðin eru liður í lánastarfsemi og atkvæðaréttinum er aðeins beitt í þágu þess sem setti trygginguna. Samkvæmt 6. tölul. 2. gr. laganna telst dótturfélag vera félag sem er undir yfirráðum annars félags á þann hátt sem er lýst í 5. tölul. 2. gr. laganna og samkvæmt 7. tölul. 2. gr. sömu laga telst samstæða vera móðurfélag og dótturfélag þess. Í dönskum rétti er samstæða skilgreind í þarlandum skattalögum og samanstandur af móðurfélagi og dótturfélagi/félögum þess og er samstæðuhugtak skattalaganna skilgreint í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.

Með vísan til ofangreinds væri vænlegast að líta til laga nr. 3/2006, um ársreikninga, þegar kæmi að skilgreiningu hugtaksins félagasamstæðu í skattalögum. Ársreikningalögin voru ítarlega endurskilgreind og skilgreining hugtaka betrubætt með lögnum en lítið var til danskrar löggjafar í þeim efnum. Þar sem Danir hafa, eins og áður sagði, skilgreint félagasamstæðu í þarlandri skattalöggjöf í samræmi við lög um ársreikninga væri nærtækast að líta til íslenskrar ársreikningarlöggjöfar, sem sniðin er að danski fyrirmynd, ef til sérstakrar lagasetningar kæmi um skilgreiningu á félagasamstæðu í íslenskum skattalögum.

2.4 Vextir

Reglur um þunna eiginfjármögnun eru ekki raunhæfar án þess að vextir séu skilgreindir með fullnægjandi hætti. Því var starfshópi um þunna eiginfjármögnun ekki kleift að taka afstöðu til reglna um þunna eiginfjármögnun án þess að skoða jafnframt hvernig skilgreina bæri vexti.

Núverandi vaxtaskilgreining 8. gr. tekjuskattslaga er ófullkomin og nýtist illa við skilgreiningu hugtaksins. Ákveðinn galli er á þeirri skilgreiningu auk þess sem hún inniheldur

¹³ Í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 er hvergi vikið beinum orðum að því hvað átt sé við með samstæðu samkvæmt lögnum en lesa má af greinargerð með frumvarpi því er varð síðar að lögum nr. 108/2007 að sami skilningur er lagður til samstæðu líkt og gert er í lögum um ársreikninga. Í lögum um váttryggingarstarfsemi nr. 56/2010 er í 12. tölul. 9. gr. laganna tekið fram að félagasamstæða sé móður- og dótturfélag eða dótturfélag í sameiningu. Hvergi er vikið að því í skýringum með frumvarpi því er varð að lögnum né eldri váttryggingarlögum hvað átt sé frekar við með því hugtaki.



ýmsar tegundir tekna sem alla jafna teljast ekki til vaxta og eru ekki í samræmi við vaxtaskilgreiningar sem finnast annars staðar í lögum. Ef lögfesta á ákvæði um þunna eiginfjármögnun, sem takmarka frádráttarbærni vaxta, er mikilvægt að skilmerkileg skilgreining vaxtahugtaksins sé í lögum. Ákvæði um þunna eiginfjármögnun myndu geta haft veruleg áhrif á rekstur íslenskra fyrirtækja með inngripi í frádráttarbærni kostnaðar og því væri nauðsynlegt að hugtakið vextir sé skilgreint með fullnægjandi hætti þannig að ljóst sé á hvaða kostnaðarliði reglur um þunna eiginfjármögnun hafa áhrif.

Í þeim tilgangi að skilgreina vaxtahugtakið hefur starfshópur um þunna eiginfjármögnun skoðað vaxtahugtakið eins og það er skilgreint annars staðar í íslenskum lögum, hefðbundna skilgreiningu að kröfurétti og skilgreiningu laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Þá hefur starfshópurinn litið til vaxtaskilgreiningar sem Ísland hefur notað í þeim tvísköttunarsamningum sem gerðir hafa verið við önnur ríki, en sú skilgreining leiðir af tvísköttunarsamningsfyrirmynd OECD,¹⁴ ásamt því að litið hefur verið til greinargerðar með þeirri fyrirmynd og loks var litið til vaxtaskilgreininga á Norðurlöndum.

Við vaxtaskilgreiningar hafði starfshópurinn það í huga að tekjuhugtak 7. gr. tekjuskattslaga telst nægilega víðtækt til þess að ná yfir hvers konar tekjur. Því taldi hópurinn rétt að byggja skilgreininguna á hinu víðtæka tekjuhugtaki nefndrar 7. gr. Í því ljósi væri nauðsynlegt að afmarka vexti með tilliti til hvers kyns tekna og kostnaðar sem reglur um þunna eiginfjármögnun eiga að taka til. Rétt er að taka fram að óháð reglum um þunna eiginfjármögnun væri engu síður þörf á að taka nýja vaxtaskilgreiningu upp í lög um tekjuskatt.

Í ljósi þessa leggur starfshópurinn til að vaxtahugtakið afmarkist af tekjum, samkvæmt 7. gr. tekjuskattslaga, sem áskildar, fengnar eru eða teknar fyrir *peningalán*. Í því felst að vextir falla aðeins til vegna lána á peningum en ekki öðrum lánnum. Þá skiptir ekki máli hvort kröfuhafi er upphaflegur lánveitandi eða hvort krafan er keypt. Jafnframt felst í því að vaxtahugtakið tekur til hvers kyns tekna af peningalánnum, t.d. tekur hugtakið til uppsafnaðra en ógreiddra vaxta jafnt sem greiddra vaxta, hvers kyns lántökugjalda, affalla tekna, o.s.frv. og af þeirri ástæðu væri ekki þörf á að tiltaka afföll sérstaklega sem tekjur. Er það einungis gert til þess að það liggja fyrir í lögum hvernig tímafærsla affalla tekna á sér stað en regla núverandi vaxtaskilgreiningar er notuð að því er varðar afföll. Starfshópurinn telur hins vegar ekki ástæðu til þess að telja upp vexti sem falla til með mismunandi hætti eða vexti af mismunandi peningalánnum en það væri frekar til þess fallið að valda misskilningi en notkun hins víðtæka vaxtahugtaks án upptalningar.

Jafnframt því að leggja til að sama tekjufærsluregla um afföll verði notuð í nýrri skilgreiningu telur starfshópurinn ástæðu til þess að viðhalda tekjufærslureglu vaxta utan atvinnurekstrar þannig að hún miðist við greiðslu en ekki uppsöfnun vaxta. Hins vegar taldi hópurinn ekki ástæðu til þess að greina á milli vaxtaskilgreininga eftir því hvort um væri að ræða vexti innan rekstrar eða utan eins og gert er í núverandi vaxtaskilgreiningu 8. gr. tekjuskattslaga.

Af breyttri vaxtaskilgreiningu leiðir að ný regla yrði í góðu samræmi við hefðbundna vaxtaskilgreiningu kröfuréttar og laga um vexti og verðtryggingu en þó yrði skilgreining tekjuskattslaga öllu víðtækari. Jafnframt yrði ný skilgreining í samræmi við skilgreiningu

¹⁴ OECD stendur fyrir enska heitið *Organisation for Economic Co-operation and Development* eða Efnahags- og framfarastofnun Evrópu.



OECD eins og hún kemur fram í nefndri samningsfyrirmynd og í fjölmörgum tvísköttunarsamningum sem Ísland er aðili að og þarf að nota í tengslum við tvísköttunarsamninga. Yrði því að gera ráð fyrir að ný skilgreining myndi gegna jafnt því hlutverki að skilgreina hvað félli undir reglur um þunna eiginfjármögnun og drægi úr líkum á misræmi milli réttarsviða auk þess sem skilgreiningin væri færð til samræmis við gerða tvísköttunarsamninga.

Starfshópurinn telur ofangreint ótvíræða réttarbót óháð því hvort reglur um þunna eiginfjármögnun verða innleiddar eða ekki. Sú breyting sem lögð er til þyrfti að vera tekin upp í stað núverandi 8. gr. tekjuskattslaga. Að sama skapi þyrfti að taka upp samsvarandi breytingu í stað núverandi 1. mgr. 49. gr. sömu laga.

Ókosturinn við breytinguna væri aftur á móti sá að ýmsar tegundir tekna, sem nú falla undir vaxtaákvæði tekjuskattslaga, án þess að vera vextir í raun, gera það ekki eftir breytingu. Almennar skilgreiningar laganna um gjöld og tekjur ættu að ná til viðkomandi gjalda og tekna. Ef ástæða þykir til mætti hins vegar taka upp sérákvæði um tekjur og gjöld þau sem um ræðir. Það fellur utan verkefnis starfshópsins þó óhjákvæmilegt hafi verið að skilgreina vaxtahugtakið sem slíkt, en ella hefðu hugmyndir um reglur um þunna eigin fjármögnun verið óraunhæfar. Þær tekjur sem um ræðir eru tekjur af stofnsjóðseign í félögum samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., happdrættisvinningar, gengisbreytingar (gengismunur) og tekjur/kostnaður af afleiðum.

2.5 Skuldsettar yfirtökur

Skuldsett yfirtaka með öfugum samruna felst í því að eignalítið félag B tekur lán til að kaupa hlutafé félags A og félögin eru síðar sameinuð undir merkjum A. Við samrunann flytjast skuldir B yfir til A en eignir sem flytjast yfir geta verið takmarkaðar. Félag A gjaldfærir vexti af láninu sem félag B tók upphaflega til að kaupa A í rekstri sínum á móti skattskyldum tekjum. Í atvinnulífinu hefur verið litið svo á að félagi A sé þetta heimilt á grundvelli 51. gr. tekjuskattslaga sem kveður á um að öll skattaleg réttindi flytjist yfir við samruna, þar með talinn réttur til frádráttar vaxtagjalda. Þannig lækkar tekjuskattstofn félagsins A sem verður þess valdandi að félagið greiðir lægri skatt af hagnaði sínum en það ella hefði gert. Vert er þó að hafa í huga að ef félögin A og B eru ekki sameinuð, en væru engu síður samsköttuð, þá væru vextirnir frádráttarbærir og vísast í þessu skyni til reglna um samsköttun, sbr. 55. gr. tekjuskattslaga. Að sama skapi væru sömu vextir einnig frádráttarbærir ef félagið B hefði keypt rekstur A ásamt eignum félagsins en ekki hlutafé í því.

Skattyfirvöld hafa nýlega endurákvæðað skatta aftur í tímann á nokkur félög þar sem umræddur samruni hefur átt sér stað og synjað viðkomandi félögum um frádrátt vegna vaxtagjalda og þannig hækkað tekjuskattstofn þeirra. Þessi álitamál eru nú til meðferðar hjá yfirkattanefnd og fyrir dómstólum. Mat starfshópsins er að það falli ekki undir verkefni hans að leggja fram tillögur sem kveði af eða á um þetta deiluefni.

2.6 Armslengdarreglan (*e. The Arm's length principle*) og reglur um milliverðlagningu (*e. Transfer pricing*)

Armslengdarreglan felst í því að lagt er mat á ráðstafanir milli tengdra aðila þannig að skoðaðar eru sambærilegar ráðstafanir og hvernig þeim væri háttað milli ótengdra aðila. Þannig eru ráðstafanir/viðskipti tengdra aðila borin saman við þau viðskiptakjör sem viðgangast á frjálsum markaði milli ótengdra aðila. Viðskipti teljast vera sambærileg ef allir þættir viðskiptanna, sem máli skipta, eru eins eða ef unnt er að leiðrétta með einhverri



nákvæmni einhvern þeirra þátta viðskiptanna sem eru frábrugðnir. Í armslengdarreglunni felst þannig möguleiki til skilmálaleiðréttingar þannig að viðskiptin sem slík eru samþykkt en skilmálar þeirra leiðréttir til samræmis við það sem gerist milli ótengdra aðila. Við skilmálaleiðréttingu innan samstæðu verður skipting tekna og hagnaðar milli einstakra félaga innan samstæðunnar leiðréttur þar sem hækkun hagnaðar eins samstæðufélags svarar til lækkunar hjá öðru.

Reglur um milliverðlagningu fjalla um það hvernig verðleggja beri þjónustu, vörur, hugverk eða hvað eina annað sem látið er af hendi milli eininga innan sömu fyrirtækjasamstæðu. Þannig hafa fyrirtæki ekki algert sjálfðæmi um hvernig þau verðleggja þjónustu, vörur eða hugverk sem eru seld eða afhent innan samsteypu. Reglur um milliverðlagningu heimila þannig leiðréttingar á skattskilum tengdra aðila þegar milliverðlagning er frábrugðin því sem ætla má að samið hefði verið um í sambærilegum viðskiptum ótengdra aðila. Í flestum milliverðlagsreglum eru sett skilyrði fyrir því að þær taki einungis til viðskipta sem eiga sér stað á milli aðila sem tengdir eru sífjaréttarlega¹⁵ eða með einhverjum hætti fjárhagslega. Ástæða þessa er sú að hagsmunatengsl eru talin vera ástæða þess að verð í viðskiptum á milli tengdra aðila verði óvenjuleg en skattareglur geti ekki haft áhrif á samningskjör í viðskiptum á frjálsum markaði milli ótengdra aðila.

Í 9. gr. samningsfyrirmyndar OECD að tvísköttunarsamningum er ákvæði um armslengdarreglu er kveður á um að tengdum fyrirtækjum er starfa í sitt hvoru ríkinu eru settar skorður við því hvernig þau verðleggja þjónustu eða vöru sem þau selja hvort/hvert öðru. Þannig segir armslengdarreglan að leggja beri þann mælikvarða á ráðstafanir (viðskipti) að horfa skuli til þess hvernig óskyldir eða ótengdir aðilar hefðu hagað viðskiptum sínum en við mat á slíku er horft til milliverðlagsreglna. Ákveðið samspil er því milli reglna um milliverðlagningu og armslengdarreglu.

Ákvæði 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga¹⁶ getur haft þýðingu við úrlausn álitafna er tengjast armslengdarreglunni og reglum um milliverðlagningu enda vísar hún til þess að um sérhver viðskipti milli tengdra aðila skuli byggð á ákveðinni armslengdarreglu.

3. Aðferðir við mat á þunnri eiginfjármögnun

Mismunandi er hvernig ríki taka á álitafnum tengdum þunnri eiginfjármögnun í löggjöf sinni og rétt er að hafa í huga að samanburður á milli ríkja, á aðferðum við mat á þunnri eiginfjármögnun, verður alltaf almennur. Eðli málsins samkvæmt er ekki fullnægjandi að bera saman einstakar reglur milli ríkja án þess að tekið sé tillit til kerfisins í heild sem viðkomandi reglur tilheyra, en það hefur starfshópurinn ekki gert. Gagnlegt, en umfangsmikið, væri að gera slíkan samanburð sem og könnun á því hvaða áhrif reglur um þunna eiginfjármögnun hafa haft í viðkomandi ríkjum. Lætur starfshópurinn því nægja eftirfarandi umfjöllum um þær reglur er taka eiga á þunnri eiginfjármögnun félaga sem og samanburð þeirra reglna milli ríkja.

¹⁵ Með sífjaréttarlegum tengslum er til að mynda átt við maka, börn, foreldra, systkini eða aðra nákomna ættingja. Þannig er átt við að ákveðin sífjaréttarleg tengsl séu milli aðila er gera það að verkum að þeir semja sín á milli á þann hátt að viðskiptin eru verulega frábrugðin því sem vera myndi ef tengsl samningsaðilanna væru ekki til staðar.

¹⁶ Fjallað verður um ákvæði 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga í kafla 4.1.



3.1 Almenn

Ef fyrst er litið til armslengdarreglna er taka á milliverðlagningu í viðskiptum milli tengdra aðila og beinast að fyrirtækjasamstæðum, eða tengdum aðilum, þar sem eitt félag er með ráðandi eða á stóran hlut í öðru þá taka reglurnar yfirleitt til vaxta af skuldum milli tengdra aðila. Norðurlöndin styðjast í meirihluta við armslengdarreglur til að taka á þunnri eiginfjármögnun félaga en fyrir utan armslengdarregluna eru tvær sérreglur einkum notaðar við takmörkun frádráttarbærni vaxtagjalda, þ.e. skuldahlutfallsreglan (*e. Debt-to-equity ratio test*) og EBITDA-reglan (*e. Earnings test*). Báðar þessar sértæku reglur setja ákveðið þak á fjárhæð vaxtagjalda sem heimilt er að draga frá tekjuskattsstofni viðkomandi félags. Hin almenna vaxtafrádráttarregla er því armslengdarreglan en hinar sérstöku vaxtafrádráttarreglur eru skuldahlutfallsreglan og EBITDA-reglan.

Skammstöfunin *EBITDA*¹⁷ stendur fyrir hagnað fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir fastafjármuna¹⁸ og niðurfærslur (*e. Earnings Before Interest, Taxes, Depreciation and Amortization*)¹⁹ en yfirleitt er þó einungis talað um „hagnað fyrir afskriftir.“ EBITDA talan er notuð sem mælikvarði á framlegð fyrirtækja og segir til um hve miklu reksturinn skilar, óháð fjármögnun hans og skattaumhverfi. EBITDA-reglan lýtur þannig að því að félögum er heimilt að telja til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar sem fjármagnskostnað tilteklið prósentuhlutfall af EBITDA félagsins ef fjármagnskostnaður þess fer yfir tiltekið viðmið. Reglan sem kveður á um hlutfall milli skulda og eigin fjár, þ.e. skuldahlutfallsreglan, miðar hins vegar við að vaxtagjöld af skuldum, upp að tilteknu hlutfalli af eigin fé, séu frádráttarbær frá tekjum en vaxtagjöld umfram það séu það ekki.

3.2 Skuldahlutfallsreglan (*e. Debt-to-equity ratio test*)

Í skattaskýrslu AGS frá árinu 2010 er vikið að kostum og göllum þeirra tveggja sérreglna sem helst hefur verið beitt gegn þunnri eiginfjármögnun. Þar segir að helsti ókostur skuldahlutfallsreglunnar sé að eitt hlutfall sé yfirleitt notað yfir öll félög og taki þannig ekki mið af því að eiginfjárhlutfall sé mjög mismunandi eftir atvinnugreinum. Þá sé skuldahlutfallið óstöðugt vegna sveiflna í eigin fé, t.d. vegna verðsveiflna eigna o.s.frv. Einnig sé hlutfallið háð því hvort miðað er við markaðsverð eigna eða verð samkvæmt skattmati og að viðbótarreglur þurfi að setja í þeim tilvikum þar sem eigið fé sé neikvætt. Loks sé auðvelt fyrir fyrirtæki að hafa áhrif á eigið fé, og þar með hlutfallið, á lokadegi reikningsárs með það að markmiði að auka svigrúm fyrir frádráttarbæra vexti. Meginkostur skuldahlutfallsins er hins vera fyrirsjáanleiki, þar sem félög hafi allgóða vissu um hversu miklar skuldir þau geti borið áður en farið er yfir mörk frádráttarbærra vaxta. Í ljósi aðstæðna á Íslandi má hins vegar efast um hvort slíkur fyrirsjáanleiki sé í raun fyrir hendi, sérstaklega þegar um er að ræða skuldsetningu í erlendum gjaldmiðlum.

¹⁷ Ekki hefur komið fram lipur íslensk þýðing á EBITDA og er enska hugtakið því oft notað hérlendis.

¹⁸ Fastafjármunir eru skilgreindir í 15. gr. ársreikningsaaga nr. 3/2006 en samkvæmt þeirri skilgreiningu teljast eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, fastafjármunir. Jafnframt segir í ákvæðinu að kröfur, fyrirframgreiðslur og skuldir, sem falla til greiðslu eftir lengri tíma en eitt ár, teljast einnig við ákveðnar aðstæður til fastafjármuna. Er þannig verið að vísa bæði til áþreifanlegra og óáþreifanlegra eigna. Þá er einnig ítarlega skilgreiningu á fastafjármunum að finna í 3. gr. reglugerðar nr. 636/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

¹⁹ Á íslensku er algengt að þýða bæði *depreciation* og *amortization* sem afskriftir eða fyrningar en gerður er greinarmunur á þessum ensku hugtökum þó svo þýðingin sé hin sama á íslensku. Á ensku stendur “*depreciation*“ fyrir fyrningu eða afskrift *áþreifanlegra eigna* en “*amortization*“ fyrir fyrningu eða afskrift *óáþreifanlegra eigna*.



Skuldahlutfallið er reiknað út sem hlutfall skulda af heildarfjármögnun félags. Nokkrar aðferðir eru notaðar við að finna út hlutfallið. Algengast er að stuðst sé við heildarskuldbindingar félags en þá er átt við bæði langtíma- og skammtímaskuldir. Séu langtímaskuldir félags 80 milljónir króna, skammtímaskuldir 40 milljónir króna og eigið fé 40 milljónir króna þá væri skuldahlutfallið 3:1, sbr.:

A. Hlutfall milli skulda og eigin fjár = heildarskuldbindingar / eigið fé

Sé hins vegar einungis stuðst við langtímaskuldir að fjárhæð 80 milljónir króna og eigið fé að fjárhæð 40 milljónir króna þá yrði skuldahlutfallið 2:1, sbr.:

B. Hlutfall milli skulda og eigin fjár = langtímaskuldir / eigið fé

Þá getur verið álitaefti hvenær skuldir flokkast til langs eða skamms tíma. Yfirleitt er átt við langtímaskuldir sem lán til greiðslu eftir 12 mánuði eða síðar en skammtímalán til skemmri tíma. Þá getur jafnframt verið deiluefti hvernig beri að skilgreina eigið fé félags. Verði skuldahlutfallsregla lögfest þurfa þar af leiðandi fjölmörg atriði um aðferðarfræði reglunnar að vera skýr.

Skuldahlutfallsreglan felur þannig í sér þá aðferðarfræði að lögfest er tiltekið hlutfall milli skulda félags og eigin fjár þess. Vaxtagjöld vegna skulda umfram slíkt ákveðið skuldahlutfall teljast þá ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður í skattskilum viðkomandi félaga. .

3.3 EBITDA-reglan (e. *Earning test*)

Að mati skattasérfræðinga AGS er einfaldleiki og takmarkaðir möguleikar á sniðgöngu meginkostir EBITDA-reglunnar en EBITDA mælikvarðinn er oft notaður við mat á heildarvirði félags. Með því er átt við samanlagt markaðsvirði hlutafjár og allar skuldir félags.²⁰ EBITDA mælikvarðinn er jafnframt notaður til að varpa ljósi á greiðslugetu félaga og getur veitt mikilvæga vísbendingu um getu þeirra til að skila hagnaði og greiða út arð og til að standa undir greiðslum af lánum og sköttum. Með einföldun má halda því fram að EBITDA félags sé fundin út með því að draga rekstrargjöld án afskrifta fastafjármuna frá rekstrategjum.

Reglan hefur aftur á móti þann ókost að geta skapað vandamál hjá félögum sem búa við óvenju sveiflukenndan hagnað.²¹ Slík félög þyrftu að búa við það að vaxtagjöld væru ekki frádráttarbær þegar illa áraði en vera vel undir viðmiðunarmörkum þegar vel árar. Tiltölulega hátt hámark og yfirfæranleg vaxtagjöld milli ára ættu þó að milda slíkt vandamál. Annar ókostur EBITDA-reglunnar er að heimill vaxtafrádráttur er ekki eins fyrirsjáanlegur og samkvæmt skuldahlutfallsreglunni þar sem hann verður ekki ljós fyrr en EBITDA félagsins liggur fyrir í ársreikningi.

Aðrir ókostir EBITDA-reglunnar, en þeir sem nefndir hafa verið, eru að það sé ósanngjarnt og valdi mismunun gagnvart þeim félögum sem reiða sig á lánsfjármagn, einkum ef miðað er við of lágt hlutfall af EBITDA. Reglan geti þannig í ákveðnum tilvikum hamlað nýsköpun þar sem nýsköpunarfyrirtæki krefjast oft mikils fjármagns, þ.m.t. lánsfjármagns, en skila litlum

²⁰ Oft er þó einungis tekið tillit til langtímaskulda við útreikning á heildarvirði félags.

²¹ Er þá átt við þegar hagnaður fyrirtækja/félaga er mjög mismunandi milli ára, til að mynda vegna einhverra ytri aðstæðna o.s.frv.



tekjum framan af.²² Jafnframt getur EBITDA mælikvarðinn verið nokkuð villandi, til að mynda þegar félög þurfa að festa verulegt fé í veltufjármunum en slíkt hendir t.d. félög sem eru í örum vexti. Þá tekur EBITDA mælikvarðinn ekki tillit til endurfjárfestingarþarfar fyrirtækis.

Þau rök sem mæla hins vegar með reglunni eru m.a. að vaxtagreiðslurnar eru ekki endurskilgreindar sem arðgreiðslur líkt og tíðkast þegar um skuldahlutfallsregluna ræðir, en slíkt ræðst þó reyndar af útfærslu í löggjöf. Þá sé EBITDA-reglan líklegri til þess að ná fram markmiði sínu um að treysta tekjur ríkisins þar sem hún er einfaldari í framkvæmd en skuldahlutfallsreglan þar sem sú síðarnefnda hafi einnig þann annmarka að félagasamstæða geti stjórnað skuldahlutfallinu með því að hækka eigið fé dótturfélags á móti skuldum þess og þannig vikið sér undan áhrifum reglunnar. Þá hefur það jafnframt þótt kostur við EBITDA-regluna að hún taki beint á því að takmarka frádráttarbærni vaxtagjalda og komi þannig í veg fyrir að ríkið verði af skatttekjum.

Vegna einfaldleika EBITDA-reglunnar er það álit skattasérfræðinga AGS að meiri líkur séu á því að markmið um að verja tekjur ríkissjóðs, með því að koma í veg fyrir tilfærslu skattstofna, verði fullnægt fremur en með notkun skuldahlutfallsreglunnar og minni hættu verði á sniðgöngu. Mæla þeir því fremur með því að EBITDA-reglan verði tekin upp frekar en skuldahlutfallsreglan með þeim rökstuðningi að EBITDA-reglan sé auðveldari og einfaldari í framkvæmd.

3.4 Útreikningar ríkisskattstjóra (RSK)

Starfshópurinn fékk úrvinnslu RSK á skattframtölum ársins 2010 í því skyni að varpa ljósi á áhrif þess að taka upp reglur um þunna eiginfjármögnun þar sem EBITDA reglunni væri beitt. Tafla I sýnir hlutfall hreinna vaxtagjalda (vaxtagjöld mínus vaxtatekjur) hjá félögum sem eru a.m.k. í helmings eigu annars félags. Fjármálafyrirtæki, tryggingafélög og félög í eigu ríkis, sveitarfélaga og fjármálafyrirtækja voru undanskilin, sem og fyrirtæki með hærri vaxtatekjur en vaxtagjöld.

Félögunum var skipt í þrjá flokka. Í fyrsta dálki eru öll félög í a.m.k. helmings eigu annars félags, samtals 2.065 félög, í miðdálki er sá hluti þeirra sem hafði hærri hrein vaxtagjöld en 160 milljónir króna, samtals 69 félög, og í þriðja dálki eru innlend félög í a.m.k. helmings eigu erlends aðila, samtals 68 félög. Ekki er unnt að sýna dreifingu félaga í eigu erlends aðila sem höfðu meira en 160 milljónir króna í hrein vaxtagjöld, þar sem þau voru of fá.

Ef þýskar eða ítalskar reglur um 30% hámark frádráttarbærra hreinna vaxtagjalda eru teknar til viðmiðunar þá sýna niðurstöðurnar að um fjórðungur félaganna var með hærri hlutfall vaxta af EBITDA en það. Af þeim félögum 69 sem voru með meira en 160 milljónir króna hrein vaxtagjöld (í Þýskalandi eru mörk sett við eina milljón evra) var helmingurinn yfir þessu marki og félög í eigu erlends félags sem voru yfir þessum mörkum voru 51, eða 74% þeirra.

Þessar tölur sýna að hefði EBITDA-regla um þunna eiginfjármögnun verið í gildi á Íslandi árið 2010 hefðu örfá félög fallið undir ákvæði hennar.

²² Slíkt væri þó unnt að koma í veg fyrir að miklu leyti með því að hafa undanþágu frá EBITDA reglunni ef hrein vaxtagjöld samstæðufélags væru lægri en tiltekin ákvæði upphæð.



Tafla I. Hrein vaxtagjöld í hlutfalli við EBITDA árið 2010

Hrein vaxtagjöld í hlutfalli við EBITDA tekjuárið 2010. Fjöldi félaga í a.m.k. 50% eigu annars félags.			
Hrein vaxtagjöld sem hlutfall af EBITDA	Öll félög	Félög með hrein vaxtagjöld yfir 160 m.kr.	Félög í eigu erlendra aðila
Yfir 100%	222	20	3
Á bilinu 90% til 100%	19	2	1
Á bilinu 80% til 90%	25	1	0
Á bilinu 70% til 80%	35	2	0
Á bilinu 60% til 70%	39	3	3
Á bilinu 50% til 60%	44	1	1
Á bilinu 40% til 50%	69	2	2
Á bilinu 30% til 40%	77	5	1
Á bilinu 20% til 30%	84	3	2
Á bilinu 10% til 20%	112	4	3
Á bilinu 0% til 10%	781	4	12
Neikvætt EBITDA	558	22	40
Heildarfjöldi	2.065	69	68

4. Íslenskar skattareglur – samanburður við önnur ríki

4.1 Ákvæði 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga

Í hinu almenna ákvæði 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga segir að ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna. Upphaflegt ákvæði var lögtekið með 15. gr. laga nr. 30/1971, um breytingu um lögum nr. 90/1965, um tekjuskatt og eignarskatt, en í athugasemdum með 15. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 30/1971, er að finna nokkrar skýringar á ákvæðinu. Í athugasemdunum segir meðal annars að í þeim tilvikum þar sem skattaðilar, einstaklingar eða félög, sem tengjast sifjaréttarlega eða með einhverjum hætti fjárhagslega, semja eða ákveða skilmála um samskipti sín í fjármálum á þann hátt sem væri verulega frábrugðinn því sem vera mundi ef ekki væru nein tengsl milli samningsaðila, þá skulu verðmæti sem án umrædds samnings eða skilmála hefðu runnið til annars skattaðilans, en gera það ekki vegna samningsins eða skilmálanna, teljast honum til tekna. Er þannig með greininni gagnert verið að koma í veg fyrir undandrát tekna frá skatti. Jafnframt sé það viðurkennt að heimilt sé að byggja skattlagningu á raunverulegum ráðstöfunum séu þær ekki í samræmi við form þeirra gerninga sem að baki þeim liggja. Þarf þá að meta hvaða ráðstafanir séu venjulegar og eðlilegar og hvað sé eðlilegur rekstrartilgangur andstætt tilbúningi eða óvenjulegum ráðstöfunum.

Dómstólar hafa í gegnum tíðina litið svo á að 57. gr. tekjuskattslaga sé eins konar vísiregla og þannig mætti leiða að því líkur að í íslenskum rétti sé í gildi ákveðin meginregla um



skattasniðgöngu. Raunveruleikareglan²³ er hins vegar í raun forsenda skattkerfisins því það er nokkuð ljóst að skattalög næðu ekki tilgangi sínum nyti hennar ekki við. Reglurnar fela þannig í sameiningu í sér að skattlagning sé byggð á raunverulegum ráðstöfunum en sé ekki byggð á þeim búningi sem ráðstöfunin hefur verið færð í sé hann í ósamræmi við raunveruleikann. Jafnframt hafa verið sett fram ákveðin skilyrði af dómstólum og yfirskattanefnd²⁴ fyrir því að nefndri 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga sé beitt en þau eru meðal annars að gerningar séu verulega frábrugðnir því sem almennt þekktist, að tengsl séu á milli samningsaðila og að ráðstöfun sé gerð í þeim eina tilgangi að lækka skattgreiðslur.

4.2 Norðurlöndin

Í *Danmörku* gilda flóknar reglur um takmörkun á frádráttarbærni vaxtagjalda þegar félög teljast vera þunnt eiginfjármögnuð. Þar í landi telst félag vera með þunna eiginfjármögnun ef það er fjármagnað með óeðlilega háu hlutfalli af lánsfjármagni frá félagi innan sömu samstæðu. Tekið er sérstaklega fram að reglurnar eigi eingöngu við um félagasamstæður (*d. concern*) og að þær taki til allra hlutafélaga sem bera jafnt takmarkaða sem ótakmarkaða skattskyldu í Danmörku.

Í *Noregi* eru ekki bein ákvæði um þunna eiginfjármögnun en Norðmenn styðjast við milliverðlagsákvæði sem beita má um þunna eiginfjármögnun. Ákvæðinu var breytt árið 2008 og fólst breytingin í því að beita skyldi ákvæðinu til samræmis við ákvæði um milliverðlagningu milli hagsmunatengdra aðila. Þá hafa verið teknar upp í norskan rétt leiðbeiningar OECD um milliverðlagningu sem leggja beri til grundvallar við mat á því hvort beita eigi ákvæðinu eða ekki.

Í *Svþjóð* eru engar sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun og þar af leiðandi er stuðst við armslengdarregluna. Hið sama á við um *Finnland*.

4.3 Önnur ríki

Bretland byggir eingöngu á armslengdarreglunni. Skuldahlutfallsreglan var áður í gildi þar í landi en var felld niður vegna gagnrýni um að móðurfélög gætu hækkað eigið fé dótturfélags til móts við skuldir við hið fyrrnefnda og komist þannig hjá skattlagningu á grundvelli skuldahlutfalls.

Í *Býskalandi* var skuldahlutfallsreglan í gildi áður en Evrópudómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í máli *Lankhorst-Hohorst (C-324/00)*, þann 12. desember 2002, að þágildandi reglur um þunna eiginfjármögnun, sem byggðar voru á skuldahlutfalli, væru í andstöðu og ynnu gegn frelsi til stofnsetningar félaga innan aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnsetningarréttinum eins og honum er lýst í 43. gr. Rómarsáttmálans. Í framhaldi af dómnum var lögfest almenn regla sem heimilaði ógildingu á frádráttarbærni tiltekinna vaxtagjalda. Reglan takmarkar frádráttarbæra vexti við hrein vaxtagjöld sem nema 30% af EBITDA félags en hrein vaxtagjöld eru skilgreind sem vaxtatekjur að frádragnum vaxtagjöldum. Gildissvið nýju reglunnar er mun víðtækara en áður var þar sem fjármögnun þriðja aðila er nú tekin inn í myndina.

²³ Vert er að taka fram að raunveruleikareglan er ekki skattlagningarheimild sem slík heldur almenn meginregla skattaréttar.

²⁴ Sbr. Hrd. 1997, bls. 385 (3/1997), Hrd. 2002, bls. 2631 (316/2002) og úrskurður yfirskattanefndar nr. 11/2010 sem og úrskurður nr. 150/2006.



Þrjár undantekningar eru frá meginreglu þýsku vaxtafrádráttarreglunnar. Í fyrsta lagi gildir vaxtafrádráttarreglan ekki ef hrein vaxtagjöld félags eru lægri en ein milljón evra á hverju rekstrarári. Í annan stað er undantekningarregla sem nefnd hefur verið einstæðingsreglan (*e. stand-alone clause*) er kveður á um að vaxtafrádráttarreglan gildi ekki þegar félag er ekki innan samstæðu eða þá að það sé aðeins að litlum hluta í eigu félaga innan samstæðu. Loks er síðan þriðja undantekning er nefnist flóttareglan (*e. escape clause*) og kveður á um að sé félag innan samstæðu (s.s. ekki einstæðingur) þá gildi vaxtafrádráttarreglan ekki ef eiginfjárlutfall²⁵ félagsins er a.m.k. jafn hátt og eiginfjárlutfall samstæðunnar. Þannig er veitt undanþága ef félag tilheyrir alþjóðlegu móðurfélagi og eiginfjárlutfall og eignir dótturfélagsins sé a.m.k. 1% af eiginfjárlutfalli og eignum móðurfélagsins.²⁶ Ef þýska eignarhaldsfélagið er hlutafélag eða félag með takmarkaða ábyrgð þá gildir undantekningin aðeins ef félagið og önnur félög innan samstæðunnar greiða í formi vaxta, hvert og eitt, ekki meira en 10% af hreinum vaxtagjöldum til hluthafa, tengdra aðila eða þriðja aðila sem á endurkröfurétt á eignarhaldsfélagið. Vaxtakostnaður vegna lána fellur þó utan við undanþáguna nema ef lánið kemur fram í efnahagsreikningi samstæðunnar.

Þróunin á *Ítallu* hefur verið svipuð og í Þýskalandi. Þar var fallið frá skuldahlutfallsreglunni og EBITDA-reglan tekin upp og miðað við að heimil vaxtagjöld séu að hámarki 30% af EBITDA viðkomandi félags.

4.4 Samanburður milli ríkja

Í *viðauka II* og *III* er yfirlit yfir reglur um þunna eiginfjármögnun í fjórtán ríkjum. Í viðauka I er yfirlit byggt á samantekt AGS frá árinu 2010 í skattaskýrslunni um Ísland, og í viðauka II er byggt á skýrslu *Ernst & Young* frá 2008. Í yfirlitunum kemur fram að níu af þessum fjórtán ríkjum hafa lögfest sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun en Bretland, Finnland, Írland, Noregur og Svíþjóð fást við viðfangsefnið með armlengdarreglum. Fimm af þeim níu ríkjum sem hafa lögfest reglur um þunna eiginfjármögnun nota skuldahlutfallsreglu, tvö ríki styðjast við EBITDA-reglu og tvö nota báðar reglurnar. Ríkin sem styðjast við skuldahlutfallsregluna eru Ástralía, Bandaríkin, Holland,²⁷ Japan og Nýja-Sjáland. Ríki sem nota EBITDA-regluna eru Ítalía og Þýskaland og ríki sem nota báðar reglurnar eru Danmörk og Frakkland. Óheimill vaxtafrádráttur er yfirleitt yfirfæranlegur milla ára samkvæmt EBITDA-reglunni en ekki samkvæmt skuldahlutfallsreglunni. Skuldahlutfallsreglan hefur verið gagnrýnd vegna erfiðleika í framkvæmd, þar sem hún sé ómarkviss og flókin. Af þeim ástæðum hafa ríki, sem hingað til hafa stuðst við skuldahlutfallsregluna, hugað að lögfestingu EBITDA-reglunnar þar sem hún þykir vænlegri kostur.

5. Tillögur starfshópsins

5.1 Almenn

Ef reglur um þunna eiginfjármögnun verða lögfestar hérlendis þyrfti að gera vissar breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þannig telur starfshópurinn nauðsynlegt að lögfest yrði ákvæði um samstæður þannig að hugtakið væri ítarlega skilgreint svo ljóst væri til hvaða aðila reglur um þunna eiginfjármögnun tækju. Þá telur hópurinn jafnframt að gera þyrfti breytingar

²⁵ Með eiginfjárlutfalli er átt við eigið fé miðað við efnahagsreikning.

²⁶ Með öðrum orðum er átt við að ef dótturfélagið er minna skuldsett en hið alþjóðlega móðurfélag eða sé ekki meira en 1% skuldsett miðað við móðurfélagið þá sé félagið ekki bundið við takmörkun á frádráttarbærni vaxtagjalda.

²⁷ Samkvæmt AGS-skýrslunni frá árinu 2010 stefnir Holland að því að taka upp EBITDA-reglu.



á nágildandi ákvæði 8. gr. tekjuskattslaga og skilgreina vaxtahugtakið að nýju með skýrari hætti. Að endingu komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að ef löggjafinn ákveði að lögfesta sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun verði fremur byggt á EBITDA-reglunni en skuldahlutfallsreglunni. Flest rök standa til þess að EBITDA-reglan sé skilvirkari og einfaldari í framkvæmd en skuldahlutfallsreglan og mörg ríki, er styðjast nú við skuldahlutfallsregluna, áforma að lögfesta ákvæði byggð á EBITDA-reglunni. Þótt lögfesting slíkrar reglu hérlendis tæki aðeins til örfárra félaga við núverandi aðstæður væri tilgangur hennar fyrst og fremst fyrirbyggjandi og í því skyni að koma í veg fyrir hugsanleg skattaundanskot í framtíðinni.

5.2 Meginniðurstöður

Verði sértækar reglur lögfestar hérlendis til að taka á þunni eiginfjármögnun félaga þykir starfshópnum nauðsynlegt að aðrar mikilvægar lagabreytingar verði gerðar samhliða þannig að vaxtafrádráttarreglan nái tilgangi sínum. Í fyrsta lagi væri nauðsynlegt að lögfesta skilgreiningu á samstæðuhugtakinu en í dönskum rétti er samstæða skilgreind í þarlandum skattalögum og samanstendur hún af móðurfélagi og dótturfélagi/félögum þess og er það í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Hérlendis tóku við ný lög um ársreikninga með lögum nr. 3/2006 en með þeim lögum voru lög nr. 144/1994, eldri ársreikningalögin, yfirfarin og bætt. Þá var sérstaklega vikið að skilgreiningu á móðurfélagi, dótturfélagi og samstæðu og þau hugtök skilgreind til hlítar. Liggur þar af leiðandi beinast við að ef af ákvæði um samstæðu verður í tekjuskattslögnum yrði það sem líkast ákvæði 5., 6. og 7. tölul. 2. gr. ársreikningalaga.

Í öðru lagi þykir starfshópnum mikilvægt að vaxtaskilgreiningin í 8. gr. tekjuskattslaga verði endurskoðuð og leggur hópurinn til að ákvæði 8. gr. verði endurskoðað í heild. Meðal annars verði þar tekin upp almenn skilgreining á því hvaða tekjur teljist vera vaxtatekjur. Samhliða þyrfti að skoða ákvæði staðgreiðslulaga fjármagnstekjuskatts, nr. 94/1996, og staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Auk þess þyrfti að hafa hliðsjón af niðurstöðu starfshóps um afleiðuviðskipti í júní 2012.

Í þriðja lagi leggur starfshópurinn til að fyrirmynd verði sótt til þýskra reglna sé vilji til að taka upp sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun. Starfshópurinn telur nauðsynlegt að reglan taki ekki gildi fyrr en a.m.k. einu ári eftir að hún verður lögfest til að félög sem falla undir regluna fái nægan aðlögunartíma. Jafnframt þyrfti að huga að skýringum með ákvæðinu og nauðsynlegt að skilgreina ákveðin atriði í greinargerð. Frekari tillögur að lagaákvæðum eru í viðauka III.

Verði niðurstaðan sú að sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun verði ekki lögfestar þá telur hópurinn að armslengdarreglu 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 ætti að taka til gagnarrar endurskoðunar. Væri þá unnt endurskoða greinina og lögfesta ákvæði að norskri fyrirmynd og þá jafnframt í tengslum og samræmi við reglur um milliverðlagningu (*e. transfer pricing*).



HEIMILDIR

Dr. Frank Tschesche: *“German Interest Barrier and Private Equity Investments.”* Dewey & LeBoeuf. Þýskland 2008.

Ernst & Young LLP. *Thin Capitalization Regimes in Selected Countries. Report prepared for the Advisory Panel on Canada's System of International Taxation.* Maí 2008.

Eva Dóra Kolbrúnardóttir: *Takmarkanir á frádráttarbærni vaxtagjalda í tengslum við magra eiginfjármögnun og skuldsettar yfirtökur félaga.* Meistararitgerð við lagadeild Háskóla Íslands. Janúar 2011.

IMF Country Report No. 10/213: *“Iceland. Improving the Equity and Revenue Productivity of the Icelandic Tax System.”* July 2010.

Jakob Bundgaard: *Tynd kapitalisering.* Kaupmannahöfn 2000.

OECD: *Model Tax Convention on Income and on Capital.* París 2008.

OECD: *Model Tax Convention.* París 1996.

OECD: *Thin Capitalization, Issues in International Taxation, Nr. 2.* París 1987.

Ragnheiður Snorradóttir: *„Þunn eiginfjármögnun.“* Grábrók, 1. tbl., 2008.

Ruud A. de Mooij: *“Tax Biases to Debt Finance: Assessing the Problem, Finding Solutions.”* IMF Staff Discussion Note. Maí 2011.

Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir.* Reykjavík 2003.

Stefán Már Stefánsson: *Samstæður hlutafélaga.* Reykjavík 2008.

Stuart Webber: *Thin Capitalization and Interest Deduction Regulations. Copenhagen Research group on international taxation corit.* Kaupmannahöfn 2010.

Vísindavefur Háskóla Íslands: www.visindavefur.hi.is.



Viðauki I. Tillögur að lagabreytingum

I. Samstæður

Starfshópurinn leggur til að eftirfarandi skilgreining á samstæðuhugtakinu verði lögfest sem 55. gr. a. tekjuskattslaga:

1. Félag er skilgreint sem *móðurfélag*:
 - a. ef það fer með meirihluta atkvæða í félagi (dótturfélagi),
 - b. ef það er hluthafi og hefur rétt til að tilnefna eða vfkja frá meirihluta æðstu yfirstjórnar annars félags (dótturfélags), þ.e. stjórnar og framkvæmdastjórn þess,
 - c. ef það er hluthafi og fer með ákvörðunarvald yfir öðru félagi (dótturfélagi), á sviði rekstrar og fjármála, á grundvelli laga, samþykka félagsins eða samningi við það,
 - d. ef það er hluthafi að öðru félagi (dótturfélagi) og fer með meirihluta atkvæðaréttar í því á grundvelli hluthafasamkomulags eða
 - e. á eignarhlut í öðru félagi (dótturfélagi) og fer með ákvörðunarvald um rekstrar- og fjárhagslega stjórn þess.
2. Við útreikning á *atkvæðamagni* í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum skal:
 - a. leggja saman atkvæðamagn móðurfélags og dótturfélags í viðkomandi félagi,
 - b. draga frá heildaratkvæðamagninu í viðkomandi félagi atkvæðamagn sem er í höndum þess sjálfs eða dótturfélaga þess og
 - c. draga frá atkvæðamagni móðurfélagsins það atkvæðamagn sem það hefur til tryggingar ef félagið beitir aðeins atkvæðaréttinum í samræmi við fyrirmæli þess sem setti trygginguna, eða ef umráðin eru liður í lánastarfsemi og atkvæðisréttinum er aðeins beitt í þágu þess sem setti trygginguna.
3. *Dótturfélag* er skilgreint sem félag undir yfirlýðingum annars félags á þann hátt sem lýst er í 1. og 2. mgr.
4. Með samstæðu er átt við móðurfélag og dótturfélag/félög þess líkt og þau eru skilgreind í 1., 2. og 3. mgr.

Skilgreina þyrfti frekar hugtök og orðalag ákvæðisins í greinargerð til að fullnægja kröfu um skýrleika þannig að engum vafa væri undirorpið hvaða aðilar myndu falla undir ákvæðið. Þá þyrfti sérstaklega að taka fram hvað átt væri við með meirihluta, rekstrar- og fjármálum, hluthafasamkomulagi, eignarhlut, ákvörðunarvaldi, stjórnunarlegu yfirlýðingum og atkvæðamagni svo eitthvað sé nefnt.

II. Vextir

Almenn skilgreining á vaxtahugtaki tekjuskattslaga gæti verið eftirfarandi:

Til tekna sem vextir samkvæmt 3. tölul. C-liðar 7. gr. teljast hvers kyns tekjur, sbr. 1. mgr. 7. gr.,²⁸ sem áskildar eru, fengnar eða teknar fyrir peningalán.

III. Reglur um þunna eiginfjármögnun

Sé vilji til að lögfesta sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun þá leggur starfshópurinn til að eftirfarandi ákvæði yrði lögfest í 57. gr. b. tekjuskattslaga:²⁹

1. Leyfilegt er að draga frá tekjum hrein vaxtagjöld félagasamstæðna vegna lánaviðskipta við önnur félög í samstæðunni og takmarkast slíkt við 30% af hagnaði félags, er hyggst

²⁸ Hugmyndin er sú að nota hið víða tekjuhugtak laganna enda er það bæði þekkt og víðtækt. Hins vegar er þörf á því að afmarka hvað telst til tekna sem vextir.

²⁹ Í töflu II eru sett fram dæmi um mögulega framkvæmd reglunnar.



Fjármálaráðuneytið
Tekju- og skattaskrifstofa

draga vaxtagjöldin frá tekjum sínum, fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir fastafjármuna og niðurfærslur (*EBITDA*).

2. Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef:

- a. hrein vaxtagjöld samstæðufélagsins eru lægri en 160 milljónir króna.
- b. samstæðufélag sýnir fram á með óyggjandi hætti að vaxtakjörin séu líkt og um ótengda aðila sé að ræða.
- c. um ræðir fjármálafyrirtæki, tryggingarfélög og félög í þeirra eigu sem starfa í skyldum rekstri. Umræddir aðilar eru undanskildir ákvæði 1. mgr.

Þau atriði sem þyrfti að huga sérstaklega að í skýringum með ákvæðinu þannig að engum vafa væri undirorpið við hvað væri átt væru t.a.m.:

1. Við hvaða reikningsaðferðir ætti að styðjast við til að finna út EBITDA félags (alþjóðlegar reikningsskilareglur).
 - a. Hins vegar er það svo að íslenskar og alþjóðlegar reikningsskilareglur eru sambærilegar. Það sem gæti þó skilið þær að er innlausn tekna verkataka þar sem enginn rekstrarreikningur er gerður fyrir en verki er lokið (verklökuaðferð). Slíkt gæti skapað vandkvæði þegar verk tekur einhver ár.
2. Hvernig samstæðufélag er skilgreint.
3. Hvað er átt við með hagnaði, fjármagnsliðum, sköttum, afskriftum fastafjármunum og niðurfærslu.
4. Huga þarf að reglum hvernig unnt sé að flytja vaxtagjöld umfram 30% af EBITDA félags milli ára.
5. Hvernig sýna ætti fram á að vaxtakjör vegna lánaviðskipta væru líkt og um ótengda aðila væri að ræða.
6. Hvað væri átt við með hreinum vaxtagjöldum og hvernig eru þau fundin út.
7. Hvernig fjármálafyrirtæki eru skilgreind, tryggingarfélög og hvað væri átt við með félögum í þeirra eigu sem starfa í skyldum rekstri o.s.frv.



Viðauki II. Samantekt AGS á reglum um þunna eiginfjármögnun í nokkrum löndum

Ríki	Regla	Gildissvið	Nánar um reglur
Norðurlönd			
<i>Danmörk</i>	Skuldahlutfallsregla	Tengdir aðilar með minnst 50% eignarhald	- Skuldahlutfall 4:1 - Fjármagnsgjöld <7% af skattmati eigna - Fjármagnsgjöld < 80% af skattstofni
<i>Finnland</i>	Armslengdarregla	Tengdir aðilar	
<i>Noregur</i>	Armslengdarregla	Tengdir aðilar	
<i>Svíþjóð</i>	Armslengdarregla	Tengdir aðilar	Vextir eru ekki frádráttarbærir ef lán er veitt af tengdu fyrirtæki til þess að kaupa hlut í enn öðru (<i>erlendu</i>) tengdu fyrirtæki
Önnur ESB-ríki			
<i>Frakkland</i>	Skuldahlutfallsregla	Tengdir aðilar (50% beint eða óbeint eignarhald).	<i>Þrjár reglur:</i> 1. Skuldahlutfall (1,5:1) 2. Greiddir vextir/hagnaður (1:4) 3. Vextir til/vextir frá tengdum aðila (1:1) þar sem hæsta fjárhæðin er hækkuð um 150.000 evrur og fjárhæðin er yfirfæranleg milli ára.
<i>Þýskaland</i>	Tekjuþróf		Vaxtagjöld eru frádráttarbær upp að mörkum vaxtatekna hvers árs. Hrein vaxtagjöld eru frádráttarbær að mörkum sem nema 30% af <i>EBITDA</i> félagsins. Ófrádráttarbærir vextir eru yfirfæranlegir ótímabundið. <i>Mörk:</i> 3 milljónir evra.
<i>Írland</i>		Tengdir aðilar	Vextir af lánum milli tengdra aðila sem notuð eru til að kaupa hlutabréf í þriðja tengda aðilanum eru ekki frádráttarbærir nema í einstökum tilvikum.
<i>Holland</i>	Skuldahlutfall	Tengdir aðilar (þriðjungur hlutafjár)	Möguleiki á að hækka <i>skuldahlutfallið</i> (3:1) upp í meðaltal samstæðunnar



Viðauki III. Reglur um þunna eiginfjármögnun. Heimild: Ernst og Young, maí 2008

	Fyrirtæki sem reglurnar taka til	Gildissvið	Undanþágur	Aðferð	Ofrádráttar- bærir vextir
Astralía	Aströlsk fyrirtæki sem starfa á alþjóðamarkaði. Aströlsk fyrirtæki undir stjórn erlendra aðila sem starfa á heimamarkaði.	Reglunum er ætla að takmarka frádráttarbærni vaxta af skuldum sem tengjast starfsemi alþjóðlegrar samstæðu í Astralíu.	Fyrirtæki með lægri vaxtagjöld en 250.000 AUD.	Hámark sett á skuldir. Ítarlegar reglur um hvaða skuldir megi og megi ekki telja fram.	
Frakkland	Fyrirtæki sem skulda tengdum aðilum er stjórna þeim. Fyrir 2007 tóku reglurnar einungis til skulda við tiltekinn móðurfyrirtæki.	Reglurnar taka til vaxta af skuldum fyrirtækja við tengda aðila, þ.e. aðila sem stjórna beint eða óbeint.	Vextir greiddir tengdum aðila eru frádráttarbærir ef þeir fullnægja armslengdarreglu og reglu um þunna eiginfjármögnun.	Vextir eru ekki frádráttarbærir ef þeir eru umfram mörk samkvæmt þremur aðferðum, þ.e. skuldahlutfallsaðferð, 25% af EBITDA eða tiltekinni fjárhæð. Við hæstu niðurstöðuna er bætt 150.000 evrum.	Ekki yfirfæranlegir milli ára.
Þýskaland	Þýskar fyrirtækjasamstæður í samsköttun (e. German consolidated tax group).	Almenna vaxtafrádráttarreglan gildir einungis um vexti sem greiddir eru tengdum aðila. Sérstaka vaxtafrádráttarreglan gildir um alla vexti, þ.m.t. þá sem greiddir eru ótengdum aðilum.	Ef fyrirtækið er ekki hluti samstæðu. Ef hrein vaxtagjöld eru lægri en ein milljón evra á ári. Ef eiginfjárhlutfall er jafnt eða hærra en í sambærilegri starfsemi á heimsvísu.	<u>Almenn vaxtafrádráttarregla:</u> Armslengdarregla. <u>Sérstök vaxtafrádráttarregla:</u> Frádráttarbærar hreinar vaxtagreiðslur takmarkast við 30% af EBITDA.	Yfirfæranlegir ótímabundið milli ára.
Ítalía	Öll fyrirtæki (e. corporations and branches).	Takmörkun á frádráttarbærni vaxta gildir um allar vaxtagreiðslur.	Reglurnar gilda ekki um fjármála-fyrirtæki.	Frádráttarbærar hreinar vaxtagreiðslur takmarkast við 30% af EBITDA.	Yfirfæranlegir ótímabundið milli ára.



Fjármálaráðuneytið
Tekju- og skattaskrifstofa

Japan	Japönsk fyrirtæki og japönsk dótturfélög erlendra fyrirtækja.		Ef vaxtatekjur erlenda aðilans eru skattlagðar í Japan þá falla þær ekki undir reglurnar.	Skuldahlutfallsreglan. Vaxtaberandi skuldir mega ekki vera hærri en þrefaldur eignarhlutur erlenda aðilans.	Ekki yfirfæranlegir milli ára.
Holland	Öll fyrirtæki og dótturfélög. Við samsköttun gilda reglurnar einungis um móðurfélagið.	Vextir af skuldum til tengdra aðila. Vextir af skuldum við þriðja aðila ef tengdi aðilinn hefur gengist í ábyrgð fyrir skuldunum.		Skuldahlutfallsreglan. Hreinar skuldir mega ekki vera hærri en þrefalt eigið fé að viðbættum 500.000 evrum. Ef skuldahlutfallið er ekki hærra en í samstæðunni að meðaltali eru vaxtagreiðslur frádráttarbærar.	Ekki yfirfæranlegir milli ára.
Nýja-Sjáland	Fyrirtækjasamstæður. Nýsjálensk fyrirtæki í a.m.k. 50% eigu erlends aðila eða með öðrum hætti undir stjórn hans.	Gildir um alla vexti. Vextir eru ekki frádráttarbærir ef skuldir í hlutfalli við eignir fara umfram tiltekin mörk.	Sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun gilda fyrir fjármálafyrirtæki.	Skuldahlutfallsreglan. Heildarskuldir mega ekki vera meira en 75% af eigin fé og mega ekki vera meira en 110% af hlutfalli allrar samstæðunnar.	Ekki yfirfæranlegir milli ára.
Svíþjóð	Svíþjóð er ekki með sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun.	Almenn ákvæði gilda um frádráttarbærni vaxta. Vaxtastig verður að byggjast á armslengdarreglu.		Ef vaxtagreiðslur til tengds aðila byggjast ekki á armslengdarreglum eru þær taldar arðgreiðslur og staðgreiðsluskyldar.	



Bretland	Gildir um öll tengd fyrirtæki.	Vaxtagreiðslur af skuldum við samstæðufyrirtæki, hvort sem er innan eða utan Bretlands. Einnig vaxtagreiðslur af skuldum við þriðja aðila ef tengdur aðili hefur ábyrgst þær.	Sérstakar reglur gilda um fjármálafyrirtæki.	Armslengdarreglur sem kveða á um lánskjör, vaxtastig og endurgreiðsluskilmála. Engar lágmarksviðmiðanir.	Ekki yfirfæranlegir milli ára.
Bandaríkin	Samstæður í eigu erlends móðurfélag með a.m.k. tvö bandarísk dótturfélög, eða samstæður þar sem erlenda móðurfélagið á a.m.k. 80% hlutafjár.	Reglurnar takmarka frádráttarbærni vaxta sem greiddir eru til tengds aðila, eða hann ábyrgist.	Reglurnar gilda ekki ef vextirnir falla undir staðgreiðslu í Bandaríkjunum.	Skuldahlutfallsregla, 1,5:1.	Yfirfæranlegir ótímabundið milli ára.